

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags samkvæmt þingsályktun nr. 35/128.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hvernig voru nýttar tillögur nefndar sem Byggðastofnun kallaði saman samkvæmt þingsályktun um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi, nr. 35/128?
2. Er áformað að grípa til aðgerða til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi eða annars staðar á grundvelli hugmynda um verndun menningarminja, menningararfs og menningarumhverfis landslags á borð við þær sem lágu að baki þingsályktun nr. 35/128?

Skriflegt svar óskast.